

Stofnfiskur hf.  
Staðarberg 2-4  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 24. maí 2019  
UST201805-063/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 18. desember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum skráðum í eftirliti dags. 8. nóvember 2018. Þann 14. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:


- 1. Starfsleyfis skilyrði fyrir fiskeldi á landi.** Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd skv. þágildandi reglugerð 785/1999 getur að hámarki verið fyrir 200 tonna fiskeldi með fráveitu í sjó. Skv. ársskýrslu Stofnfisks er framleiðsla fyrirtækisins í Vogavík umfram 200 tonn á ári. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður sótt um stækkun á starfsleyfi upp í 320 tonn. Vinna við drög að tillögu að matsáætlun stendur yfir hjá rekstraraðila en áætlað er að ákvörðun Skipulagsstofnunar hvað varðar matsáætlun liggja fyrir seinni hluta sumars 2019. Samhliða vinnslu frummatsskýrslu hyggst rekstraraðili sækja um starfsleyfi, fáist samþykki Skipulagsstofnunar, og í framhaldi af því sækja um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Áætlað er sækja um starfsleyfi í ágúst og undanþágu í september nk. Umhverfisstofnun mun ekki fylgja frávikum eftir á meðan fyrirspurnin er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Málið verður tekið til skoðunar í byrjun september nk.**
- 2. Gr. 2.1, 2.2 og 2.5 í starfsleyfis skilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Beita skal bestu fánalegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins og reglulega yfirfara botnsúr og annan búnað sem hindrar að fiskar sleppi út í umhverfið. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls að úrgangi á vegum fyrirtækisins. Ófrjóvuguð hrogn voru sjáanleg við frárennslisrör frá hrygnu húsi og talsvert af fugli sjáanlegur við frárennslid, bæta þarf búnað svo að hrogn lendi ekki í frárennslisli. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að koma upp búnaði til að koma í veg fyrir að hrogn fari í frárennslisli uns nýtt sláturhús, sem verður með búnað til hreinsunar frárennslis, hefur verið reist. Myndir hafa borist stofnuninni úrbótum til staðfestingar og telst frávikin lokið.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Thórlacius  
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja